



Málnr.: **23-032 S 018 Viðey RE 50**

Dags: **21. maí 2023**

Staður: **Út af Snæfellsnesi**

Lýsing: **Skipverji slasast á fæti**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Skipverji slasast á fæti

Skipaskr.nr. 2895

Útgerð: **Brim hf**

Smíðaður: **Tyrkland 2017, Stál**

Stærð: **1827 BT**

Mesta lengd: **55,14** Skráð lengd: **51,77**

Breidd: **13,50** Dýpt: **8,20**

Vél: **MAN 1795 kW, 2016**

Fjöldi skipverja: **12**



Viðey © Kvótinn.is

Gögn:

RNSA

LHG

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2023 var Viðey RE 50 á siglingu fyrir Vesturlandi. Veður: Allhvas vindur (12-14 m/sek) og talsverður sjór en úrkomulaust.

Skipið var á leið vestur með landinu út af Snæfellsnesi. Skipverjar voru að ganga frá veiðarfærum eftir viðgerð þegar skipið fékk hnút á sig. Við það slóst bobbingalengja til með þeim afleiðingum að skipverji klemmdist og fótbrotnaði.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjar voru að ljúka við viðgerð á veiðarfæri á togþilfari en einungis átti eftir að draga veiðarfærið upp í skeifuna. Til þess þurfti að losa lengjurnar sem höfðu verið bundnar tryggilega út í síðurnar og hífa síðan í höfuðlínustykkið.
- Var skipverji að hengja gilskrók í höfuðlínuna til að hífa í hana þegar hnútur kom á bakborðshlið skipsins. Við það kastaðist lengjan út í rennuna stjórnborðsmegin. Skipverjinn reyndi að fara undan lengjunni en náði ekki að fara út úr rennuni með annan fótinn og fékk lengjuna á hann. Fótbrotnaði hann við það.
- Í máli bæði skipstjóra og hins slasaða kom fram að talsverður sjór hafi verið áður en þarna hafi skipið ekki hreyfst í langan tíma á siglingu en hnúturinn komið mönnum í opna skjöldu.
- Kallað var eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar sem flutti hinn slasaða á sjúkrahús í Reykjavík.
- Fram kom hjá skipstjóra að verklagi hefði verið breytt strax eftir atvikið og væri alltaf slegið af og snúið upp í ef hreyfa þyrfti veiðarfæri.

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.